

# TM HF. - AÐALFUNDUR 2020

Aðalfundur TM hf. verður haldinn fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 16.00 í Hvammi  
á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

## Dagskrá

- 
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
  2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
  3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
  4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
  5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
  6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
  7. Kosning stjórnar félagsins.
  8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
  9. Önnur mál löglega fram borin.
- 

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfу þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) í síðasta lagi 2. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmáður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – [www.tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar). Rafrænt umboð skal sent félagini á netfangið [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) áður en fundur hefst.

EKKI verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfу þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 11. mars 2020, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til tilnefningarnefndar félagsins skemmt fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins ([www.tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar)). Í tilkynningunni

skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykkta félagsins. Útfyllt og undirrituð framboðstilkynning skal hafa borist tilnefningarnefnd á skrifstofu félagsins eða með tölvupósti á netfangið [tilnefningarnefnd@tm.is](mailto:tilnefningarnefnd@tm.is) fyrir lok framboðsfrests.

Samkvæmt fyrirriggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að aðalstjórn skipi Andri Þór Guðmundsson, Einar Örn Ólafsson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Kristín Friðgeirs dóttir og Örvar Kærnested og í varastjórn Bjarki Már Baxter og Bryndís Hrafnkelsdóttir

Dagskrá aðalfundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, þ. á m. rökstudd tillaga tilnefningarnefndar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins ([www.tm.is/fjarfestar](http://www.tm.is/fjarfestar)). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn TM hf.**